

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1987, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989, um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsstofnun heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám hitaveitna er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 393, 2. ágúst 1988.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar, nr. 38, 27. janúar 1988.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Iðnaðarráðuneytið, 13. mars 1989.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1987, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989, um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsstofnun heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna, er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 342, 5. júlí 1988.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Iðnaðarráðuneytið, 13. mars 1989.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.